



Bæjarstjórn Garðabæjar

Umsókn um endurnýjun samstarfssamnings milli Kvennakórs Garðabæjar og Garðabæjar

Í janúar 2012 var endurnýjaður samstarfssamningur milli Kvennakórs Garðabæjar og Menningar- og safnanefndar Garðabæjar til þriggja ára. Þessi samningur er gífurleg lyftistöng fyrir kórinn og virðingarvottur við það menningarlega starf sem þar er innt af hendi.

Kvennakór Garðabæjar óskar eftir því að Garðabær og Kvennakór Garðabæjar endurnýi samstarfssamninginn til næstu þriggja ára. Samningsupphæðin samsvarar 35% stöðu tónlistarkennara samkvæmt kjarasamningum Launaneðndar sveitarfélaga og Félags tónlistarskólakennara.

Slíkt fjárframlag myndi styrkja rekstrargrundvöll kórsins og veita honum ákveðið fjárhagslegt öryggi og rými til stefnumótunar og þannig gera honum kleift að halda áfram því þróttmikla og metnaðarfulla starfi sem hann hefur haldið úti, allt frá stofnun kórsins.

Í þessum tvíhliða samningi skuldbindur kórinn sig til að koma fram opinberlega og standa að menningarviðburðum, allt að þrisvar sinnum á ári, við hin ýmsu tækifæri, á vegum Garðabæjar. Stjórn Kvennakórs Garðabæjar hefur átt einkar gott og farsælt samstarf við Menningar- og safnanefnd Garðabæjar síðastliðin ár.

F.h. stjórnar Kvennakórs Garðabæjar,
Garðabær, 19. október 2015

Ingibjörg Guðjónsdóttir, kórstjóri

Fylgiskjal

Kvinnakór Garðabæjar hefur fest sig í sessi í menningarlífi Garðabæjar. Samstaða um góðan samhljóm, fagaðan söng og framkomu hefur ætíð verið sterk hjá kórkönnum sem endurspeglast í því að kórinn syngur ætíð án nótna. Það er mikill mannauður fólgin í slíkri áhugastarfsemi. Hún kennir fólki öguð vinnubrögð, tillitsemi við náungann, eykur þekkingu og gefur þátttakendum óendanlega mikið, sem aldrei verður metið til fjár. Allt þetta kemur svo bæjarfélaginu til góða með blómlegri menningu og mannlífi.

Kvinnakór Garðabæjar hefur frá upphafi getið sér gott orð fyrir fagaðan söng og kraftmikið kórstarf. Kórinn hefur ætíð sett sér háleit markmið, tekist á við krefjandi verkefni og hlotið lof tónleikagesta, sem og gagnrýnenda. Starf kórsins er að mestu leyti unnið í sjálfböðavinnu og þiggja kórfélagar engin laun fyrir framlag sitt á listviðburðum innan bæjarins.

Rekstrarkostnaður kórsins er hinsvegar töluverður ár hvert. Helstu kostnaðaliðir fyrir utan laun kórstjóra og píanóleikara, eru m.a. leiga á tónleikasölum/kirkjum, auglýsingar í dagblöð, vefsíða, grafísk hönnun, ljósritun, prentun, kostnaður vegna kórbúninga, kaup á nótum, og tónverkum.



Kvinnakór Garðabæjar – vorið 2015

Starfsáætlun Kvennakórs Garðabæjar 2016-2018

Árlegir viðburðir

- Menningarvaka (Haustvaka/Þorravaka/Góugleði)
- Aðventutónleikar
- Vortónleikar
- Söngur á ýmsum viðburðum
- Guðsþjónustur í Vídalínskirkju
- Söngur á aðventunni

Stærstu viðburðir 2016-2018

- Hátíðartónleikar í tilefni 40 ára afmælis Garðabæjar, maí 2016
- Upptaka fyrir nýjan hljómdisk, apríl 2016
- Þátttaka í alþjóðlegri kórakeppninni Grand Prix of Nations, Berlín, janúar 2017
- Tónleikar á Jazzhátíð Garðabæjar, apríl 2017
- Þátttaka í Landsmóti íslenskra kvennakóra á Ísafirði, apríl 2017
- Söngferð til Bandaríkjanna og Kanada á Íslendingaslóðir, júní 2018
Seattle, Vancouver, Salt Lake City



Kvennakór Garðabæjar 15 ára vorið 2015

Viðburðir sem skipulagðir eru af Kvennakór Garðabæjar

- **Menningarvaka** (Haustvaka/Þorrvaka/Góugleði)
Menningardagskrá ár hvert með þátttöku listamanna úr Garðabæ, meðal annars bæjarlistamanns Garðabæjar auk nemenda úr Tónlistarskóla Garðabæjar og Kvennakór Garðabæjar.
- **Kórahátíð í Garðabæ**
Haldin þriðja hvert ár með þátttöku allra kóra og sönghópa í Garðabæ.

Tillögur að fleiri menningarviðburðum

- Söngur við ýmis tækifæri á vegum Garðabæjar
- Söngdagskrá í grunn- og framhaldsskólum Garðabæjar
- Aðgöngumiðar á aðventu- og vortónleika kórsins
- Tónleikar fyrir starfsmenn Garðabæjar
- Opin kóræfing á Garðatorgi

Kvennakór Garðabæjar er einn af menningarstólpum Garðabæjar og hefur alla burði til að tryggja íbúum Garðabæjar öflugra og sýnilegra menningarlíf en það sem er í dag.

Á grundvelli þessara upplýsinga óskar Kvennakór Garðabæjar eftir endurnýjun á starfssamningi til næstu þriggja ára.



Kvennakór Garðabæjar
Asparholti 13, 225 Garðabæ
kvennakorgb@gmail.com
864 2722 & 565 0613